

STJÓRNARTÍÐINDI A 2 — 1986

11. mars 1986

7

Nr. 4

LÖG

um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl.,
með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Tollur á vörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum í 1. gr. laganna, sbr. 10. gr. laga nr. 3/1986, lækki í 10%: 87.02.14, 87.02.15 og 87.02.16.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda frá og með 1. mars 1986.

Gjört í Reykjavík, 11. mars 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.